

Ársskýrsla leikskólans Álfasteins, 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Efnisyfirlit

<u>1. Almennar upplýsingar</u>	2
<u>1.1. Leikskóli</u>	2
<u>1.2. Breytingar og viðhald</u>	2
<u>2. Hugmyndafræði leikskóla - Stefna - Námskrá</u>	3
<u>2.1. Áherslur og markmið</u>	3
<u>2.2. Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður</u>	4
<u>2.3. Skipulag</u>	5
<u>3. Leikskólastarfið síðastliðið skólaár</u>	6
<u>3.1. Framkvæmd ársáætlunar</u>	6
<u>3.2. Þróunar-og nýbreytnistarf</u>	7
<u>3.3. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir</u>	7
<u>4. Starfsmenn</u>	8
<u>4.1. Stöðugildi</u>	8
<u>4.2. Fundir</u>	9
<u>4.3. Skipulags-og námskeiðsdagar endur- og símenntun</u>	9
<u>4.4. Áherslur í samstarfi, starfsmannasamtöl, móttaka nýrra starfsmanna</u>	10
<u>5. Börn</u>	10
<u>5.1. Fjöldi barna</u>	10
<u>5.2. Sérkennsla</u>	10
<u>6. Foreldrasamstarf</u>	10
<u>6.1. Áherslur og markmið</u>	10
<u>6.2. Foreldrafundir</u>	10
<u>6.3. Foreldrasamtöl - upplýsingar</u>	11
<u>6.4. Foreldrafélag</u>	11
<u>7. Samstarf - fræðsla, ráðgjöf</u>	11
<u>7.1. Leikskólaskrifstofa</u>	11
<u>7.2. Nemar</u>	12
<u>7.3. Samstarf við grunnskóla</u>	12
<u>7.4. Samstarf við aðra</u>	12
<u>7.5. Öryggismál</u>	12
<u>8. Lokaorð</u>	13

1. Almennar upplýsingar

1.1. Leikskóli

Leikskólinn Álfasteinn hóf starfssemi sína 30. júlí 1995 og hefur verið opinn 11 mánuði á ári síðan. Lokað er einn mánuð á ári vegna sumarfría.

Sumarið 2006 þann 14. júlí var fyrsta skóflustungan tekin af 160.0 fm. viðbyggingu Álfasteins. Byggingafyrirtækið Katla sá um verkið og skilaði húsinu af sér 3. mars 2007. Þann sama dag sá starfsfólk leikskólans um að flytja allt úr eldri hluta leikskólans yfir í nýja hlutann og hafist var handa við endurbætur og breytingar á gamla hlutanum sem eru 113,7 fm. Því lauk 1. júní 2007 og var þá hægt að fara að nýta allan leikskólann samtals 273,7 fm.

Í nóvember 2007 var aftur farið að elda hádegisverð á Álfasteini og matráður fenginn í 60% stöðu. Fram að því var aðkeyptur hádegismatur frá Lostæti ehf. Í ágúst 2008 fjölgaði börnum og starfsfólki og matráður fór í 75% stöðu. Árið 2014 var ákveðið að auka stöðuna upp í 80 % þar sem matráður er nú að útbúa nánast allan mat frá grunni samkvæmt stefnu heilsuleikskóla. Frá 1. mars 2017 var ákveðið að staða matráðs yrði 100 % fram að sumarfrí en þá skildi hlutfallið endurskoðað. Það var gert og leiddi endurskoðun til þess að ákveðið var að staða matráðs við leikskólann yrði framvegis 100 %.

Lóðin er stór og á henni er bæði ræktað land og trjáreit. Þar er stór sandkassi, tvær rólur, rennibraut, lítið hús, fjögra sæta ruggusmári og útiskúr sem geymir útileikföng af ýmsu tagi. Í júlí 2016 var farið í löngu tímabæra endurnýjun á leikskólalóðinni. Þetta er tímafrekt verk og dýrt og því var ákveðið að skipta verkinu upp í tvo áfanga sem unnir yrðu í sumarlokunum leikskólans 2016 og 2017. Í fyrri áfanga var settur hiti í stétt frá bílplani með fram vestari hlið leikskólans að útidyrhurð í forstofu barna. Þrír stórir steinar voru teknir sem staðið höfðu við stéttina og niðurföll löguð. Litla húsið sem staðið hafði við stéttina var fært í sandkassann. Sagað var úr hluta af sandkassanum þar sem ein hlið kassans var ónýt. Við stéttina var settur kastali með rennibraut, klifurgrind og litlu húsi sem keyptur var í Barnasmiðjunni. Umhverfis kastalann voru settar mottur úr gúmí, bæði svokallaðar grasmottur og heilar mottur sem einnig voru keyptar í Barnasmiðjunni. Ungbarnaróla var einnig keypt úr Barnasmiðjunni og sett upp á lóðinni. Undir róluna voru settar heilar gúmímottur en umhverfis hana grasmottur. Komið hefur í ljós að grasmotturnar henta illa, færast mikið til og virka ekki sem skyldi á þessum svæðum, því hefur verið ákveðið að taka þær upp og setja heilar gúmímottur eins og fyrir eru. Í áfanga tvö sumarið 2017 var stétt hellulögð suður fyrir húsið, hús og gluggar voru málaðir. Niðurfallsrennur voru endurnýjaðar. Hólarnir í garðinum voru minnkaðir þannig að meiri flöt myndaðist til að leika sér og renna á snjópotu. Gamla rennibrautin var tekin burt, rennibrautarhúsið skilið eftir og lokað fyrir gatið á því en eftir er að setja leikfangastýri þar inni. Ruggusmári var lagfærður, málaður og færður til og sandkassinn rifinn og smíðaður nýr.

Sumarið 2018 var skurður grafinn í flötina fyrir neðan brekkuna áleiðis út að læk og rör og grófari mól sett í skurðinn til að auka dren í lóðinni. Vatnið hefur sígið illa niður á flötinni og því var þetta nauðsynlegt til úrbóta. Þessi framkvæmd var dýr og því var tekin ákvörðun um að fresta mottuskiptum sem annars var búið að ákveða að gera. Rekstraraðili skólans er Hörgársveit.

1.2. Breytingar og viðhald

Í janúar voru öll gólf bónuð. Klemmuvarnir voru endurnýjaðar á nokkrum hurðum og hert á skrúfum í hurðarhúnum. Skipt var um hurðarhún og læsingu á millihurð í forstofu starfsmanna, þar voru einnig færðar til skógrindur og bætt í. Smíðuð voru tvö fatahólf í forstofu barna vegna aukningar í barnahópnum. Að öðru leyti var lítið um viðhald innanhúss.

2. Hugmyndafræði leikskóla - Stefna - Námskrá

2.1. Áherslur og markmið

Á Álfasteini er gaman

Einkunnarorð Álfasteins eru “ Með sól í hjarta”

Sérstaða Álfasteins er smæð hans sem býður upp á nánari samskipti starfsmanna, barna og foreldra. Mikil áhersla er lögð á umhyggju fyrir barninu sem einstaklingi með réttindi og skyldur. Barnið á rétt á að þroskast í gegnum leik á eigin forsendum eins og frekast er unnt og velja sér viðfangsefni undir leiðsögn kennara. Á Álfasteini á að vera gaman að leika sér og vera til yfirleitt. Með leikskólastarfinu viljum við líka sjá börnin þróa með sér sterka sjálfsmýnd, lífsgleði og ánægju. Þau verði sjálfsoguð og fær um að sýna virðingu og vináttu í samskiptum. Jafnframt viljum við stuðla að alhliða þroska þeirra, sjálfshjálp og lífsleikni. Sem heilsuleikskóli leggjum við einnig aukna áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Álfasteinn er staðsettur utan þéttbýlis og við leggjum áherslu á umhverfið og náttúruna. Við viljum að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og njóta hennar.

Meginmarkmið Álfasteins:

- Að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.
- Að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

Leiðir að markmiðum:

Að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.

- Gefum frjálsum leik og listsköpun alltaf nægan tíma og rúm í dagskipulagi skólans.
- Stuðlum að því að börnin öðlist öryggi í leik og listsköpun
- Hvetjum börnin til að leika sér og skapa bæði ein og í hóp.
- Stuðlum að því að börnin geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um val á viðfangsefnum.
- Hvetjum börnin til að vinna út frá eigin skynjun og hugmyndum.
- Höfum aðgengilegan margskonar efnivið í listsköpun og leik sem vekur forvitni og rannsóknarlöngun barnanna.

Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.

- Hvetjum börnin til að sýna öðrum hlýlegt og vingjarnlegt viðmót.
- Leggjum áherslu á að börnin læri að leysa úr ágreiningsmálum.
- Heilsumst og tökum undir kveðjur með bros á vör.
- Erum vakandi fyrir því að hrósa og hvetja börnin.
- Erum heiðarleg og hreinskilin í samskiptum hvert við annað.
- Hvetjum börnin til að eiga frumkvæði og sýna sjálfstæði í starfi.
- Hvetjum börnin til að tala saman og hlusta hvert á annað.

Að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.

- Kynnum fyrir börnunum dýr og gróður.
- Förum í vettvangs- og gönguferðir.
- Kynnum börnunum endurnýtingu og mikilvægi hennar fyrir náttúruna.
- Kynnum börnunum breytileika náttúrunnar frá einni árstíð til annarar.

Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

- Bjóðum upp á hollt og gott fæði.
- Stuðlum að daglegri hreyfingu barnanna úti og inni.
- Fræðum börnin um næringu og heilbrigði gegnum leik og starf.
- Eflum líkamsvitund barnanna og aukum hreyfifærni þeirra.

2.2. Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður

Óformlegt mat á starfseminni í heild er alltaf í gangi á starfsmannafundum, námskeiðum og í samtölum starfsmanna, en formlegt innra mat á líka að vera á dagskrá leikskólans.

Vinna við innleiðingu á stefnunni „Positive dicipline“ Jákvæður agi hófst formlega á haustdögum 2013 eftir að allt starfsfólk leikskólans fór á tveggja daga námskeið til New jersey en stefnan á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna. Jákvæður agi snýst um að kenna félagsfærni og lífsleikni og að fylgja ákvörðunum eftir með góðvild og festu. Þegar barnið eflist í getu og þroska verður það þátttakandi í að finna lausnir og setja mörk. Starfsfólki finnst Jákvæður agi vera góð stefna og styðja vel við Stig af stigi sem er félags og tilfinningaleg þjálfun fyrir 4 – 6 ára börn og unnið hefur verið með hér síðustu ár í samverustund einu sinni í viku. Í ágúst 2015 var tveggja ára innleiðingu Jákvæðs aga lokið en ákveðið var að byrja aftur frá upphafi á innleiðingunni til að skerpa betur á ákveðnum þáttum stefnunnar, því alltaf má gera betur. Starfsfólk mat það einnig svo í matsskýrslu sem verkefnisstjóri innleiðingarinnar tók saman að gott væri að taka innleiðinguna fyrir aftur til að festa stefnuna betur í sessi. Matsaðili frá Naustatjörn, Jónína Hauksdóttir, en þar er einnig unnið samkvæmt Jákvæðum aga, kom að vori 2016 og tók út starfsseminna með matsblað sem upphaflega kom frá kennurum stefnunnar í Bandaríkjunum en hefur svo verið staðfært að leikskóla. Í stuttu máli sagt kom Álfasteinn vel út úr matinu. Ekki hefur komið utanaðkomandi matsaðili til að meta aftur en foreldrar voru spurðir í könnun hvernig þeim líkaði stefnan. Niðurstaðan var sú að 73 % voru mjög ánægð með stefnuna en 27 % frekar ánægð. Haustið 2018 mun starfsfólk endurmeta stefnuna. Í nóvember 2017 fengu grunn- og leikskólastjóri námskeiðshaldara í jákvæðum aga til að halda námskeið fyrir foreldra barna í grunn- og leikskóla Hörgársveitar. Mjög góð mæting var á námskeiðið af foreldrum leikskólabarnanna. Í framhaldi af því námskeiði fór starfsfólk Álfasteins einnig á fjögurra klukkustunda upprifjunarnámskeið í jákvæðum aga.

Foreldrakönnun var gerð í nóvember 2017. Leikskólinn kom ágætlega út úr könnuninni þó alltaf megi gera gott betra. Starfsfólkið hefur skoðað svör foreldra og gert breytingar sem vonandi skila sér inn í starfið til hins betra. Svörunin var 100%.

Síðustu ár hefur Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi komið í leikskólann og fylgst með samskiptum barna og starfsmanna að þessu sinni kom hún í nóvember 2017. Hún sagði samskipti barna og starfsmanna jákvæð og hvetjandi og var ánægð með það starf sem hún sá. Græfánagátlisti var útfylltur af hverjum hópstjóra. Það má segja að vinnan hjá starfsfólki og börnum við græfánann gangi sinn vanagang, þó óneitanlega setji það mark á hvernig starfið er unnið hve aldur nemenda hefur yngst í leikskólanum.

Starfsfólk fyllti út Heilsubók barnsins samkvæmt venju í október og mars og voru foreldrasamtöl tekin í apríl þar sem hverju foreldri voru sýndar niðurstöður á getu síns barns samkvæmt viðmiðum Heilsubókarinnar. Matslisti Heilsubókarinnar var yfirfarinn af starfsfólki í nóvember. Það sem helst þarf að bæta eru vettvangsferðir með börnin.

Hljómpróf voru gerð á öllum 5 ára börnum og niðurstaða tekin saman af hópstjóra 5 ára barna. Nokkur börn fóru í gegnum Tras málþroskapróf, en við höfum þó ákveðið að hætta við að taka slíkt próf á öllum börnum þar sem það er of umfangsmikið til að taka öll börn í það á hverju ári. Við höfum því ákveðið að skipta yfir í Evi 2 en það er lagt fyrir hvert barn einu sinni á aldrinum þriggja til fjöggra ára.

Starfsfólk tók saman mat á hópastarfi á hausti og vori, var það mat manna að starfið hefði gengið samkvæmt áætlun, þó nokkrum sinnum hafi þurft að fella niður hópastarf vegna veikinda starfsfólks.

Leikskólastjóri tók viðtöl við 5 ára börnin að vori og var lagt upp með fjórum spurningum sem fyrr. Spurningarnar voru: Hvað gerir þú í leikskólanum?, Hver er uppáhaldsmaturinn þinn í leikskólanum?, Hvað gera vinir? Hvernig líður þér í leikskólanum? Svörin voru fjölbreytt sem komu frá börnunum. Allir voru sammála um að það væri gaman og þeim liði vel í leikskólanum, skemmtilegast væri að leika sér í leikskólanum og vinir væru þeir sem væru góðir og léku sér saman. Mjög skiptar skoðanir voru á því hver uppáhaldsmaturinn væri í leikskólanum en nefnt var: Bleikja, Mexíkóskar pönnukökur og pizza og svo sögðu sum að allur matur væri góður.

Starfsmannasamtöl voru tekin í apríl 2018 eins og undanfarin ár. Fram kom í starfsmannasamtölum meðal annars að veturinn hefði verið góður. Hér væri góður vinnuandi, fólki liði vel og það væri gaman að koma í vinnuna. Eins og áður hefur verið rætt er gleðin mikilvæg og við þurfum að vera duglegar við að gera okkur eitthvað til gamans saman. Leikskólastjóri hvatti starfsfólk til hreyfingar og ræddi um mikilvægi þess að sofa vel og borða hollt. Við virðumst alltaf eiga í svolitlum vandræðum með að koma reglulegum deildarfundum fyrir og verðum við að bæta það. Umræða kom upp meðal starfsmanna um að notkun gsm síma í kaffistofu verði til þess að við ræðum minna saman, en hvað starfsmaður gerir í kaffitíma er val hvers og eins.

Á degi leikskólans 6. febrúar 2018 var Hörgársveit veitt viðurkenningin Orðsporið fyrir að hafa skarað fram úr við að uppfylla lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla. Leikskólastjóri tók við viðurkenningunni sem afhent var við hátíðlega athöfn á Álfasteini. Þórður Árni Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands afhenti viðurkenninguna og Björk Óttarsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu flutti ávarp.

2.3. Skipulag

Dagskipulag leikskólans

Kl. 7:45 - 8:15	Leikskólinn opnar – Róleg stund
Kl. 8:15 - 8:45	Morgunverður
Kl. 8:45 - 9:00	Söngstund yngri barna
Kl. 8:45 - 10:00	Hópastarf yngri b/ útivera eldri b.
Kl.10:00-10:15	Ávaxta/samverustund – öll börn
Kl.10:15-11:15	Hópastarf eldri b/ útivera yngri b.
Kl.11:15 -11:30	Söngstund eldri
Kl.11:30-12:00	Hádegismatur
Kl.12:00-12:30	Svefn/ Hvíld - samverustundir
Kl.12:30-13:30	Frjáls leikur
Kl.13:30-14:30	Útivera
Kl.14:30-15:00	Miðdagskaffi
Kl.15:00-16:15	Frjáls leikur – leikskólinn lokar

Í eftirfarandi texta koma útskýringar á dagskipulagi leikskólans.

Matartímar

Í matartímum á hvert barn sitt sæti og stólarnir eru merktir og stilltir eftir hæð hvers og eins. Sami starfsmaður er við hvert matborð mánuð í senn og áhersla lögð á stöðugleika í barnahópnum þar eins og annars staðar í starfinu. Börnin eru hvött til að hjálpa sér sjálf við matborðið, vera kurteis og aðstoða borðfélagana eftir þörfum. Þarna gefst góður tími til samveru og samræðna og eftir máltíðina hjálpast allir að við að ganga frá.

Frjáls leikur

Þá velur hver og einn hvar hann vill leika sér og með hvaða efnivið. Eldri börnin eru gjarnan búin að sammælast um hvað þau langar að gera en þau yngri þurfa meiri aðstoð við að finna sér viðfangsefni. Við leggjum mikla áherslu á frjálsan leik og styðjum við hann með því að bjóða upp á fjölbreytt leiktækifæri og nægan tíma eins og áður hefur komið fram í markmiðum skólustarfsins.

Hópastarf

Í hópastarfi fara þau börn sem eru á svipuðum aldri saman í hóp og vinna að einhverju ákveðnu verkefni. Hver hópur fær sinn hópstjóra og það er reynt að halda hópnum óbreyttum frá hausti fram á vor. Hóparnir skipta með sér svæðum hússins. Starfið er tvískipt, hópastarf eldri barna 4 – 6 ára skipt upp í þrjá hópa og svo hópastarf yngri barna 12 mánaða til 4ra ára, skipt í þrjá hópa. Þannig nýtist húsnæðið líka best. Elsti árgangurinn er auk þess í „skólahóp“ og þar er meðal annars unnið markvisst að því að búa börnin undir grunnskólann.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem hreyfingu og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Börnin leika sér á leikskólalóðinni og fara í styttri og lengri ferðir um nágrennið. Stundum eru skipulagðir útileikir og íþróttæfingar fléttaðar inni frjálsa leikinn.

Söngstund eldri og yngri

Sungið saman í hóp annarsvegar yngri börn 1 til 3 ára eftir morgunmat, lög sem henta aldri og árstíðinni og svo eldri börnin 4 til 6 ára fyrir hádegismatinn. Sungin eru allskonar skemmtileg lög með hreyfingum.

Ávaxta/samverustund

Börnin eru í sínum hópum, borða ávexti og eiga notalega spjallstund saman.

Hvíld

Eftir hádegismat er hvíldartími og þá sofa þau yngstu, en eldri börnin hvíla sig í litlum hópum. Þetta er notaleg samverustund með sögum, lestri bóka, söng og samræðum, en líka má leggja fyrir einhver verkefni og/eða vinna áfram með einhver hugðarefni barnanna. Stundum eru þau líka að perla, teikna, pússla eða spila á þessum tíma dagsins.

3. Leikskólastarfið síðastliðið skólaár

3.1. Framkvæmd ársáætlunar.

Í upphafi skólaárs voru útlínur þess lagðar. Haustið 2017 fóru 6 börn í skóla. Samtals voru 31 barn haustið 2017, en 32 í janúar 2018 og í apríl voru 33 börn og leikskólinn þá yfirfullur. Engin börn voru í skólavistun frá hausti fram að vor.

Fastráðnir starfsmenn voru 10 talsins í september. Þegar búið var að skipta í hópa fyrir hópastarf skólaársins, var haldin kynningarfundur fyrir foreldra í byrjun október, auk þess gátu foreldrar nálgast mánaðarskipulagið á heimasíðunni fyrir hvern mánuð. Einnig var foreldrum sent í tölvupósti af og til hvað börnin aðhöfðust í hópastarfi og facebooksíða leikskólans, stofnuð í janúar 2016, var mikið notuð til að senda út myndir og upplýsingar um hvað er í gangi hverju sinni. Ársáætlun var gerð fyrir þetta skólaár í formi skóladagatals, sem afhent var foreldrum, en hana er einnig að finna á heimasíðu leikskólans. Áætlun fyrir hvern mánuð í senn var einnig

unnin uppúr ársáætlun. Skipting í sumar- og vetrarstarf var hefðbundið, meiri útvera og minna skipulagt innistarf yfir sumarið.

3.2. Próunar-og nýbreytnistarf

Sérhver breyting í barna- og starfsmannahópnum kallar á einhverjar áherslubreytingar í starfinu. Það verður að vera sveigjanlegt en um leið í sínum fasta ramma og alltaf að miðast við þarfir þeirra fjölskyldna sem eru viðskiptavinir skólans hverju sinni.

Álfasteinn setti stefnuna á að verða Skóli á grænni grein á starfsdegi í október 2007. Í nóvember var skipuð umhverfisnefnd og umhverfissáttmála skólans sömdu börn og starfsmenn í júní 2008. Skólinn var þá byrjaður að stíga skrefin sjö til að geta seinna sótt um grænfánann. Haustið 2008 útfærðu börnin umhverfissáttmálann í hópastarfi og hann varð sýnilegur á veggjum skólans. Í mars 2009 sendi Halldóra E. Jóhannsdóttir, sem stýrði þessu starfi, skýrslu um framgang verkefnisins til Landverndar en hana er að finna á heimasíðu skólans. Fimmtudaginn 11. júní afhenti fulltrúi Landverndar svo Álfasteini Grænfánann með viðhöfn og nú blaktir hann við hún. Haldið var áfram með umhverfisverndina og var betri orku- og vatnsnýting aðal áherslan ásamt því að halda áfram með það sem komið er. Í mars 2011 sendi Halldóra aftur inn skýrslu sem er einnig að finna á heimasíðu skólans. Við fengum svo fánann afhentan í annað sinn við hátíðlega athöfn 9. júní 2011. Áfram var haldið og í mars sóttum við um að fá afhentan fána í þriðja sinn og fengum við hann með viðhöfn á vorhátíð leikskólans 7. júní 2013. Við höfum unnið að því að bæta áttögum við og að sjálfsögðu höfum við haldið áfram með það sem er á undan komið. Haustið 2014 tók Soffía Helgadóttir við verkefnastjórn. Vel hefur gengið að halda áætlun því grænfánann fengum við afhentan í fjórða sinn sumarið 2015. Við höfum haldið ótrauð áfram og í júní 2017 fengum við afhentan grænfánann í fimmta sinn. Haustið 2017 tók Halldóra E. Jóhannsdóttir aftur við verkefnastjórn ásamt Hugrúnu Dögg Harðardóttir. Undanfarið hefur verið lagt áhersla á að kynna nýjum börnum endurvinnsluna og halda við því sem við höfum lært áður ásamt því að leggja áherslu á orkusparnað og lýðheilsu. Í október 2010 sá leikskólastjóri um að skipa í heilsunefnd sem sá um að halda utan um heilsubrautarstarfið í leikskólanum, því áhugi var fyrir því að gerast heilsuleikskóli. Heilsufánann fengum við afhendan í júní 2012 eftir að hafa uppfyllt þau skilyrði sem ætlast er til og erum því orðin Heilsuleikskóli. Frá haustinu 2016 höfum við eldað samkvæmt matseðli sem keyptur var af Skólum ehf. Matseðillinn sem útbúinn er af næringarfræðing er settur saman með það fyrir augum að 70 % af þeim næringarefnum sem barn þarf yfir daginn fá þau úr matseðli skólans en hin 30 % heima fyrir. Lagt er áhersla á að gera matinn frá grunni, aldrei er boðið uppá unna kjötvöru og að maturinn innihaldi sem minnst af sykri og salti.

Eins og áður hefur verið minnst á þá kláruðum við einnig innleiðingu Jákvæðs aga að hausti 2015 og höldum ótrauðar áfram með þá agastefnu. Frá hausti 2017 höfum við verið að taka fyrir eitt og eitt verkfæri sem okkur finnst þörf að festa betur í sessi. Starfsmannahópurinn tók fyrir orðið „Agi“ og velti upp hvað það þýðir í okkar hugum? Hvernig stoppum við óæskilega hegðun? Niðurstaðan var sú að það vex sem við veitum athygli. Við erum fyrirmyndir og þurfum að vera duglegar við að sýna gott fordæmi. Nýta okkur nýja kósýkotið og þau góðu verkfæri sem Jákvæður agi hefur að bjóða. Stig af stigi lífsleikniverkefni höfum við nýtt okkur síðan 2007, það hefur verið kennt í séstökum stundum með 4 – 6 ára börnum leikskólans einu sinni í viku.

Sú hugmynd kom að auka tónlistarkennslu við leikskólann og fá til þess tónlistarkennara sem væri einnig að koma í Þelamerkurskóla. Í vetur hefur María Gunnarsdóttir tónlistarkennari úr Tónlistarskóla Eyjafjarðar komið aðra hvora viku eina klst. í senn og kennt tveim elstu árgöngunum. Krökkunum hefur þótt þetta mjög gaman og er kominn sú hugmynd fyrir næsta haust að María komi í hverri viku og að hún kenni þremur yngstu árgöngunum.

3.3. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- Við höfum hópastarfið í byrjun september og þá höfðum við náttfataball og bláan dag.

- Í október höfðum við afa og ömmukaffi, bangsadag og fórum fyrstu ferð í íþróttahúsið á Þelamörk. Við hófum nóvembermánuð með rauðum degi og gerðum degi íslenskrar tungu hátt undir höfði með bókaviku og höfðum ævintýradag sem lukkaðist vel.

- Í desember lögðum við áherslu á að börnin skynjuðu hátíðleik jólanna, höfðum samverustundir við kertaljós og kynntum börnunum jólaboðskapinn.

Í byrjun mánaðarins útbjuggu börnin jólagjafir handa foreldrum sínum og pökkudu þeim inn í skreyttan pappír. Jólaföndur með foreldrum var haldið í byrjun mánaðarins.

Jólaballið var á sínum stað með þátttöku skemmtilegs jólasveins sem stormaði til okkar ofan af fjöllum. Foreldrar mættu vel og allir fóru ánægðir heim eftir að hafa þegið súkkulaði og smákökur sem Anna Dóra töfraði fram með aðstoð barnanna. Rétt fyrir jól borðuðu börn og starfsmenn saman jólamat í hádeginu. Dagana milli jóla og nýárs voru fá börn í skólanum og nýttum við því tímann til ýmsa verka.

- Í janúar byrjuðum við á íþróttiferð og dótadegi. Því næst tók við íslensk vika þar sem við borðuðum hefðbundinn þorramat á bóndadag með heimagerða víkingahjálma úr kartoni og sungum Þorrapræl og fleiri vetrarlög. Á Bóndadag var „karlakaffi“ á Álfasteini þar sem pöbbum, öfum, bræðrum og frændum var boðið í kaffi, í tilefni dagsins. „Konukaffi“ var haldið á mánudeginum eftir konudag að þessu sinni, þar sem mömmum, ömmum, systur og frænkum var boðið í kaffi. Lögðum sérstaka áherslu á mikilvægi þess að muna að bursta tennurnar í tannverndarvikunni, sungum lög og teiknuðum og lituðum myndir af skemmdum og óskemmdum tönnum. Í janúar fengum við til okkar Ingu Hallgrímsdóttir danskennara í 4 skipti og tóku öll börn leikskólans þátt. Danskennslan var greidd af foreldrafélaginu.

-Í upphafi febrúar mánaðar var dagur leikskólans og gerðum við okkur glaðan dag eins og alltaf en þó var óvenju mikið um dýrðir þar sem við fengum afhent Orðsporið frá Kennarasambandinu þennan dag eins og áður sagði. Haldið upp á bolludag, sprengidag og öskudag.

-Í mars mánuði var gulur dagur, fjölmenningsvika, íþróttiferð og skráð var í heilsubækur.

-Í upphafi aprílmánaðar voru foreldrasamtöl. Í lok apríl var farin síðasta íþróttiferð annarinnar, haldinn var grænn dagur og í heimsókn komu krakkarnir úr 1 og 2 bekk í Þelamörk.

Í maí var farið í sveitiferð á bæinn Auðnir í Hörgársveit og skemmtu börnin sér mjög vel. Börnin fóru í fjárhús, fjós og klöppuðu hundinum á bænum. Teknar voru með samlokur og ávextir og allir skemmtu sér hið besta, enda móttökurnar góðar. Hópastarfi lauk í lok mánaðarins og þemavikur sumarins tóku við. Elstu börnin fóru í útskriftarferð með kennurunum sínum. Þau tóku strætó í bæinn, fóru á bókasafnið, léku sér á leikvelli og gáfu öndunum brauð. Svo var endað á því að gista á Álfasteini, en fyrst borðuðu börnin pizzu sem pöntuð var frá Greifanum. Útskrift elstu barna var haldin við hátíðlega athöfn daginn eftir með tilheyrandi veislu sem börnin buðu foreldrum og systkinum sínum í. Útidótadagur var svo haldinn í lok mánaðarins við miklar vinsældir að venju.

- Þann 1. júní var vorhátíð Álfasteins þar sem grillaðar voru pylsur í blíðskaparveðri. Börnin sýndu myndlistarverk vetrarins og nutu samvista við foreldra sína í hinum ýmsu þrautum sem búið var að setja upp í garðinum. Pantaður var hoppukastali sem foreldrafélagið borgaði. ALLir skemmtu sér vel. Þann 15. júní var haldin fánadagur. Farin var ferð í Kjarnaskóg með rútu, þar sem börnin skemmtu sér konunglega í leiktækjunum og grillaðar voru pylsur. Leikskólinn var lokaður frá og með mánudeginum 2. júlí til mánudagsins 30. júlí 2018 2. Þá hófust hefðbundnar aðlaganir.

4. Starfsmenn

4.1. Stöðugildi

Þessar tölur miðast við 1. des. 2017.

Anna Dóra Gunnarsdóttir matráður í 100 % stöðu

Ásdís Skarphéðinsdóttir leiðbeinandi 75 % stöðu

Bára Björk Björnsdóttir leikskólakennari 87,5 % stöðu
Halldóra E. Jóhannsdóttir leikskólakennari í 100 % stöðu.
Hugrún Dögg Harðardóttir leikskólakennari í 75 % stöðu
Sigríður Gréta Þorsteinsdóttir leikskólak. og deildarst. í 75% stöðu, þar af 25 % sérkenn.
Hugrún Ósk Hermannsdóttir leikskólastjóri í 75 % stöðu.
Stella Sverrisdóttir leikskólakennari 100 % stöðu
Rachel Wilkinson leikskólakennari 87,5 % stöðu
María Jónsdóttir blönduð störf 92,5 % staða
Þann 2. maí 2018 var ráðinn inn María Jensen nemi í kennarafræðum sem starfaði hjá okkur í 100 % vinnu sem sumarafleysing í maí, júní og ágúst.

4.2. Fundir

Starfsmannafundir voru fjórir í fjórar klst. og tveir tveggja tíma fundir. Að auki voru tveir starfsdagar og einn námskeiðsdagur haldnir sem nýttust einnig sem fundir að hluta til. Leikskólastjóri sótti samráðsfundi leikskólastjóra á Skóladeild Akureyrarbæjar tvisvar í mánuði og fagfundi leikskólastjóra á minni leikskólum einu sinni í mánuði. Haustið 2017 fór af stað hópmarkþjálfun fyrir grunn- og leikskóla Akureyrar og nágrennis sem leikskólastjóri tók þátt í samtals 10 fundir sem enduðu með gagnræðum. Gagnræður, einnig þekkt sem Bohmian samræður eða "samræður í anda David Bohm", er frjálslega-flæðandi hópsamtal þar sem þátttakendur gera tilraun til að ná sameiginlegum skilningi, upplifa sjónarhorn allra í hópnum til fullnustu, á jafningjagrundvelli og án þess að dæma það sem aðrir í hópnum segja. Leikskólastjóri hitti sveitarstjóra og fræðslunefnd eftir þörfum. Einnig fundaði leikskólastjóri með foreldraráði eftir þörfum yfir veturinn. Sérkennslustjóri sótti fundi ætlaða sérkennurum.

4.3. Skipulags- og námskeiðsdagar endur- og símenntun

Fyrsti starfsmannafundur haustsins var haldinn 8. september. Hann fór í almennt skipulag á starfi vetrarins. Þann 18. október var tveggja tíma fundur nýttur til að skrá í heilsubækur barnanna. Þann 27. október var námskeiðsdagur nýttur til að skoða leikskóla á Siglufirði og Ólafsfirði fyrir hádegi en eftir hádegi sat starfsfólk námskeið um skráningar í heilsubók barnanna.

Starfsmannafundur eftir hádegi 17. nóvember var nýttur til áframhaldandi skipulags á starfinu s.s hópastarfi, jólaföndri, umræður um jákvæðan aga og um börnin. Í janúar byrjun var starfsmannafundur nýttur í upprifjunarnámskeið í jákvæðum aga og einnig fengum við Valdísi Jónsdóttir talmeinafræðing til að kenna okkur að beita röddinni rétt. Á starfsmannafundi þann 2. febrúar voru ýmis almenn málefni er varðar skipulag leikskólastarfsins rædd, farið var yfir reglulegt mat á ýmsum þáttum í starfi leikskólans og farið yfir starfsmannahandbók. Starfsmannafundur í mars var nýttur í skráningu í heilsubækur barnanna. Á starfsmannafundi í apríl voru niðurstöður úr foreldrasamtölum ræddar og unnið að skipulagi sumarsins Hugrún sótti aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla í júní 2018.

Halldóra og Anna Dóra fóru á trúnaðarmannanámskeið á vegum KÍ og Einingar/Iðju. Stella og Rachel verkefnisstjórar í jákvæðum aga fór á nokkra vinnufundi með öðrum kennurum sem og leikskólastjóri til skrafs og ráðagerða um verkefni tengd Jákvæðum aga. Þar hittust leikskólar og grunnskólar sem hafa þessa stefnu að leiðarljósi og unnu að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Leikskólakennarar Álfasteins sóttu samræðuþing á Alþjóðadegi kennara 5. október. Yfirskrift þingsins var „Líðan og starfsánæja kennara og var almenn ánægja með þingið og þær gagnlegu umræður sem þar mynduðust. Bára fór á heilsdags námskeið í Íslenska þroskalistanum og einnig sótti hún námskeið í Efi 2 ásamt Sigríði Grétu. Hugrún Dögg Harðardóttir fór á námskeið í Jákvæðri sálfræði. Sigríður sótti námskeið í Kvíða ungra barna.

Rachel fór á tveggja daga nýliðanámskeið í Jákvæðum aga sem haldið var á Akureyri. Húgrún Ósk leikskólastjóri tók þátt í fræðslu og fundum með leikskólastjórum Ak. til að móta nýja læsisstefnu sem leit svo dagsins ljós þann 7. september 2017. Leikskólastjóri sat í hópmarkþjáfunartímum með leikskólastjórum og grunnskólastjórum á Ak. Leikskólastjóri fór til Brighton ásamt leikskólastjórum á Akureyri og nágrenni. Farið var á námskeið í Mindfulness, Storytelling, Educational Leadership course og Jóga. Tíminn milli námskeiða var svo nýttur til að hrista hópinn saman.

Leikskólastjóri skoðaði ungbarna og heilsuleikskólann Ársól og fékk þar margar góðar humyndir til að nýta í starfi á Álfasteini. Leikskólastjóri sótti námskeið í Vinnuvernd, samtals 14 klst.

4.4. Áherslur í samstarfi, starfsmannasamtöl, móttaka nýrra starfsmanna

Í starfsmannahandbók Álfasteins er lögð áhersla á góð samskipti starfsmanna. Móttaka nýrra starfsmanna er á ábyrgð leikskólastjóra og deildarstjóra. Við höfum útbúið okkur áætlun sem farið er eftir við móttöku nýrra starfsmanna. Góð samskipti starfsmanna eru ein af undirstöðum gæðastarfs í leikskóla. Starfsmenn greiða í starfsmannasjóð sem er síðan varið til þess að borða saman, fara í leikhús eða bíó, í sumarbústað saman yfir helgi svo eitthvað sé nefnt. Þeir gleðja líka hver annan á afmælisdögum og við stórviðburði eins og barnsfæðingar og giftingar. Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við starfsmenn í apríl og maí.

5. Börn

5.1. Fjöldi barna.

Þessar tölur miðast við 1. des. 2017.

Þá voru 31 barn í leikskólanum, 20 drengir og 11 stúlkur. Í janúar bættist við ein stúlka og önnur í lok apríl og urðu þá börnin 33 fram að sumarfrí. Vistunartími var frá 3 upp í 8,5 tímar á dag. Útseldir tímar voru tæpir 260,00 tímar að vori sem er 40 tímum meira en árið á undan.

5.2. Sérkennsla

Ekkert barn var skráð með sérkennslu.

6. Foreldrasamstarf

6.1. Áherslur og markmið

Stór þáttur í góðu leikskólastarfi er gott samstarf við foreldra. Þeir eru hvattir til að spyrja ef þá langar að vita eitthvað betur um starfsemina og ef eitthvað er óljóst. Opin og góð samskipti foreldra og starfsmanna eru grundvöllur að öryggi og vellíðan barnsins á leikskólanum.

Barnið er fyrst og fremst barn foreldra sinna og þeirra er ábyrgðin á uppeldi þess.

Leikskólastarfið er síðan viðbót við þetta uppeldishlutverk foreldra, en er aldrei ætlað að koma í staðinn fyrir það. Starfsmenn Álfasteins gera sér þó fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir að annast dýrmætustu „eigur“ annarra. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og sérstaklega á allar þær uppákomur sem leikskólinn stendur fyrir.

6.2. Foreldrafundir

Á hverju hausti eru haldnir foreldrafundir þar sem vetrarstarfið framundan er kynnt. Boðið er upp á kaffi og umræður um starfið, og foreldrafélagið leggur fram ársreikninga sína og áætlanir. Þetta árið voru kynningarfundir leikskólans haldnir 10. og 11. október, annars vegar fyrir foreldra barna í eldri hóp, fædd 2012, 2013 og 2014 og svo fyrir foreldra barna 2015 og 2016. Fundurinn var haldinn að morgni til og var mætinginn ágæt eða um 80 % foreldra. Starfsfólk

sagði frá skipulagi og áherslum vetrarins. Aðalfundur foreldraráðsins var haldinn í beinu framhaldi af kynningarfundunum og sinnti stjórn foreldrafélagsins aðalfundarstörfum.

6.3. Foreldrasamtöl - upplýsingar

Foreldrasamtöl eru tekin áður en barn byrjar á leikskólanum. Það viðtal tekur deildarstjóri og fær þá helstu upplýsingar um barnið og gerir dvalarsamning við foreldrið. Síðan er foreldrasamtal þegar að barnið hefur verið í þrjá mánuði í leikskólanum. Við köllum það viðtal í aðlögunarlok og er það gert til að gefa foreldrum tækifæri til að spjalla um hvernig hafi gengið. Einnig er foreldri boðað í samtal einu sinni á ári oftast í apríl mánuði til að fara yfir heilsubók barnsins sem fylgir heilsustefnu leikskólans. Þá er einnig rætt hvernig barninu líður og vegnar bæði á skólanum og heima. Bæði foreldrar og starfsmenn geta líka óskað eftir foreldrasamtali þegar þurfa þykir. Einnig er stutt samtal áður en barn hættir þar sem gögn og myndir af barninu eru afhent foreldrum. Ef barnið er að byrja í grunnskóla er farið yfir þær upplýsingar um þroska og framfarir barnsins sem fylgja því síðan upp á næsta skólastig. Þetta mat er samræmt og nýtt á öllum leikskólum Akureyrar og nágrennis.

Fréttabréf kemur út eftir þörfum og foreldrum er jafnframt kynnt dagskrá mánaðarins. Skóladaatal fyrir hvert skólaár er einnig á heimasíðu leikskólans og nú er einnig gerð starfsáætlun sem er á heimasíðu leikskólans. Upplýsingar um hvað börnin hafa verið að fást við yfir daginn birtast ýmist á lokaðri facebooksíðu leikskólans og á heimsíðu leikskólans bæði í bundnu máli og myndum af starfinu. Foreldrakaffi er einstöku sinnum en einnig er lögð áhersla á að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann og þurfi ekkert sérstakt tilefni til þess. Heimasíða leikskólans er **alfasteinnhorgarsveit.is** en inná henni eru allar helstu upplýsingar sem tengjast daglegu starfi og skipulagi.

6.4. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. „*Tilgangur þess er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Álfasteini og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólksins sem þar starfar.*“ (Úr starfsreglum foreldrafélagsins.)

5 manna stjórn félagsins hittist reglulega á leikskólanum og situr leikskólastjóri þá fundi. Foreldrafélagið kostar ferðalög og leiksyningar að hluta og heldur grillveislu á sumrin í samstarfi við leikskólann. Undanfarin ár hefur foreldrafélagið einnig boðið upp á danskennslu í leikskólanum.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, samb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. (Úr lögum um leikskóla 2008.)

7. Samstarf - fræðsla, ráðgjöf

7.1. Leikskólaskrifstofa

Álfasteinn er í samstarfi við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar um ráðgjöf til foreldra barna er þarfnast sékennslu. Eins og áður hefur komið fram sækir leikskólastjóri samráðs- og leikskólastjórafundi með leikskólastjórum á Akureyri og nágrenni. Starfsfólkið hefur líka aðgang að námskeiðum sem Skóladeild Akureyrar stendur fyrir. Skólinn er með þjónustusamning við Akureyrarbæ um leiðsögn og eftirlit með leikskólanum, svipað og gerist í þeirra skólum. Leikskólafulltrúi, Hrafnhildur Sigurðardóttir, kom einu sinni og skoðaði starfsseminu og ræddi við leikskólastjóra. Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslu kom einnig reglulega til að hitta starfsfólk og foreldra.

7.2. Nemar

Nemar úr framhaldsskólum- og háskólanum á Akureyri komu í nokkrar stuttar heimsóknir í tengslum við verkefnagerð.

7.3. Samstarf við grunnskóla

Flest börnin fara í Þelamerkurskóla þegar leikskóladvöl lýkur. “Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.” (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 33.) Því höfum við í samvinnu við Þelamerkurskóla skipulagt samstarf milli skólanna.

Fyrsta heimsókn 5 ára barna í Þelamerkurskóla er farin að hausti. Þá skoða börnin skólann og hitta nemendur og kennara 1. bekkjar. Í annari heimsókn fara börnin í íþróttatíma með 1. bekk. Á vorönninni eru svo tvær heimsóknir. Í þeirri fyrri sitja börnin tíma með 1. bekk, fara í frímínútur og taka þátt í ávaxtatíma og í seinna skiptið eru þau með í blokkflaututíma og borða hádegismat í skólanum. Í lok apríl koma nemendur 1. og 2. bekkjar í heimsókn í leikskólann og í maí fara 5 ára börnin með foreldrum sínum í heimsókn í skólann. Þeim er líka boðið á vorhátíð Þelamerkurskóla, ásamt foreldrum sínum og þar bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau formlega velkomin sem fyrstu bekkinga næsta haust. Grunnskólinn fær þroskamát með hverju barni, foreldrum er kynnt það fyrst en ekki þarf lengur formlegt leyfi fyrir því að þessar upplýsingar fylgi börnunum milli skólastiganna, samkvæmt nýjum leikskólalögum. Einnig hefur leik- og grunnskóli tekið saman leikrit fyrir börnin og námskeið fyrir starfsfólk og foreldra þegar það hentar.

7.4. Samstarf við aðra

Að vori 2010, nánar tiltekið 12. júní, voru Arnarneshreppur og Hörgárbyggð sameinuð í eitt sveitarfélag með nafninu Hörgársveit. Frá og með sameiningunni, sem féll saman við upphaf nýs kjörtímabils sveitarstjórna í landinu, heyrir leikskólinn undir fræðslunefnd sveitarfélagsins. Áður heyrði hann undir leikskólanefnd í Hörgárbyggð. Í fræðslunefndinni eru fimm fulltrúar. Auk þeirra sitja fundi hennar sveitarstjóri, skólastjóri leikskólans og grunnskólans, fulltrúar foreldra beggja skólanna og fulltrúar starfsmanna beggja skólanna. Fundargerðir nefndarinnar eru afgreiddar fyrir sveitarstjórn. Leikskólastjóri hefur líka reglulegt samstarf við sveitarstjóra og gjaldkera um ýmislegt sem viðkemur rekstri skólans og starfsmannahaldi. Einnig er mikið samstarf við fastráðinn húsvörð við fasteignir sveitarfélagsins.

7.5. Öryggismál

Leikskólinn er með rýmingaráætlun og Securitas sá um að vakta húsið bæði vegna hugsanlegra innbrota.

Slys á börnum hafa ekki verið utan við klemmda fingur og annað smávegis. Öll meiðsli sem eitthvað þarf að sinna eru skráð á þar til gerð eyðublöð sem er í skrá hvers barns, í þeim tilgangi að greina og fyrirbyggja slysaágangur í húsinu og á útileiksvæðinu. Sumarið 2014 var gerð úttekt á skólalóð leikskólans og þó nokkrar athugasemdir gerðar. Álfavinir, foreldrafélag Álfasteins, gaf Álfasteini sumarið 2015 gúmihellur í kringum álfasteininn sem er í garðinum, en það var ein af athugasemdunum sem við fengum í úttekt sumarið 2014 að öryggi væri ábótavant þar í kring. Miklar úrbætur hafa verið unnar á garði leikskólans síðastliðin sumur eins og áður hefur verið sagt frá í þessari skýrslu en ekki hefur verið gerð úttekt á lóðinni síðan 2015.

8. Lokaorð

Þá er þessu uppgjöri starfsársins 2017 til 2018 lokið. Starfsmannahópurinn hefur unnið gott starf og náð að vinna nú sem endranær vel saman. Það sem stendur uppúr í starfinu á Álfasteini að öðru ólöstuðu eru verðlaunin „Orðsporið“ sem við fengum afhent á Degi leikskólans við hátíðlega afhöfn, sem var mikill heiður fyrir sveitarfélagið og virkilega ánægjulegt fyrir starfsmannahópinn. Hér er mikill mannauður og gott að starfa.

Starfsmannahópurinn er sammála um að starfið hafi tekið dálítlum breytingum við að fá fleiri yngri börn inn í leikskólann. Breytingar kalla gjarnan á endurskipulag starfsins sem gerir starfinu gott því ekki viljum við festast í viðjum vanans. Við höfum einnig verið að vinna í endurmati á skólanum eins og undanfarin ár sem er nauðsynlegt til að starfsfólk geri gott betra og hafa margar góðar hugmyndir sprottið uppúr því eins og áður. Starfsfólk er ávallt duglegt við að sækja námskeið og bæta þannig við þekkingu sína, því alltaf er hægt að læra eitthvað nýtt. „Sá lengi lærir sem lifir“

Álfasteini, desember, 2018

Hugrún Hermannsd., leikskólastjóri.